

Fundargerð

Vatnajökulsþjóðgarður, stjórnarfundur

Stjórnunar- og verndaráætlun

Símafundur haldinn þann 29. mars 2010 kl. 11:30 – 13:30

Fundarmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður
 Björn Ármann Ólafsson, varamaður Eiríks Björns Björgvinssonar
 Böðvar Pétursson
 Elín Heiða Valsdóttir
 Hjalti Þór Vignisson
 Magnús Hallgrímsson
 Ólöf Ýrr Atladóttir
 Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri
 Þórunn Pétursdóttir
 Björg Ágústsdóttir, Alta
 Árni Geirsson, Alta
 Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta

Dagskrá:

- Staða mála og tilhögun vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun og umhverfismat - Farið yfir markmið og landnotkunarákvæði
- Hversu djúpt þarf verndaráætlun að fara – samleikur við skipulagsáætlanir?
- Samráð við sveitarfélögin innan þjóðgarðsins
- Umsagnaraðilar
- Tímarás
- Næstu skref

Anna Kristín setti fundinn – finnst mjög jákvætt hvernig stjórnunar- og verndaráætlunin hefur þróast, góð breyting og stefna sem skjalið hefur tekið.

Halldóra fór yfir stöðuna, þakkaði öllum fyrir góð viðbrögð, snör handtök og framlag síðustu dagana. Í dag sé ætlunin að skoða hvort stjórn sé sáttt við efnið sem komið er og uppleggið. Einnig, að ræða um framhald, næstu skref og tímaramma sem stjórn vill fylgja. Mikilvægt að hlaupa ekki framúr okkur í tímapressunni á síðustu metrunum og tryggja góða stjórnunar- og verndaráætlun sem sáttt er um.

Böðvar: Finnst allt vera að komast í horf – með nokkrar smávægilegar ath.semndir. Svæðisráðið hans hittist á morgun, þau fengu slóðina. Sveitarstjórnirnar hafa ekki tekið þetta formlega fyrir. Eru að fara yfir dröginn að tillögu að verndaráætlun fyrir Norðursvæðið – fengu það til forumsagnar, ef það væri eitthvað sem væri mjög ath.vert. Hefur ekki fengið nein viðbrögð við því, væntanlega hafa sveitarstjórnirnar ekki fundið neitt sem er algjörlega „fata“ í þessu.

Björn Ármann: Hann las plaggið og hefur engar beinar ath.s. Svæðisráðsmenn áttu almennt að skoða plaggið um helgina. Ráðið fundaði sl. föstudag og fór í gegnum þeirra drög að tillögu að verndaráætlun og ath.semndir sem hafa borist v/kynningarinnar. Niðurstaðan úr því var sú að það eru ágreiningsatriði í gangi, eins og varðandi veiðar. Þau ákváðu að varðandi veiðar þurfi þau að ná fundi með hagsmunaaðilum til að klára málið. Eru með hugmyndir um útfærslur en vilja funda með þeim. Leggur til að skoðað verði hvernig veiðar falla inn í heildina. Tillaga að verndaráætlun Austursvæðis og síðan stjórnunar- og verndaráætlun er mikill lestur. Ekki gott að fara of hratt.

Hjalti Þór: List vel á þessi fyrstu drög og uppbygginguna. Eitt og annað þarf að snurfusa áfram svo sem skilmála fyrir jökulhettuna. Leggur til að Helgi Björnsson ræði um jökulinn sjálfan. Saknar umræðu um jökulhettuna sjálfa. Þar er ákv. starfsemi og ákv. uppbygging. Gott að fá HB til að taka saman og svo þyrftu að vera e-ir landnotkunarskilmálar sem varða hettuna sjálfa. Halldóra verður í sambandi við Helga, en Þórður hefur þegar rætt við hann um hans aðkomu. Varðandi S-svæðið ekki margt sem þarf að lenda. Þó, slóðinn inní Heinaberg – skiptar skoðanir um hvort eigi að vera lokaður eða opin. Einnig um landvörslu, hefur litið svo á að það megi leita eftir samningum um landvörslu við landeigendur/ábúendur



innan Þjóðgarðsins þ.e. við Hoffell og Heinaberg og það sama gæti átt við fyrir Kálfafellsdal ofl. svæði síðar. Varðandi ferlið heima fyrir, þegar þetta er orðið svona heildstætt – þá leggur Hjalti þetta fyrir í svæðisráð og í sveitarstjórn. Fljótlega uppúr páskum sem yrði farið í þá vinnu.

Elín Heiða: Ánægð með vinnuna og þakkar fyrir. Skýrt og skilmerkilega sett fram. Stóra skýrslan þeirra er að koma heim og saman. Nokkur atriði (3) sem þau munu funda um á miðvikudaginn. Ætla að fara með skjalið til kynningar í öllum sveitarstjórnnum – og þá fer jafnframt þessi stjórnunar- og verndaráætlun í kynningu. Tekur undir með Hjalta með jökulhettuna, eins hvernig við skilgreinum víðerni. Varðandi slóðana, vantar gögn til að taka ákvarðanir um það. Samgöngukaflinn – slóðar á Jökulheimasvæðinu. Vonandi hafa þau e-ð í höndunum til að leggja fram á miðv.daginn næsta varðandi þann þátt. Vonar að þetta sé allt að smella heim og saman.

Þórunn: Sá póstin of seint og var ekki með net um helgina – er ekki búin að lesa þetta. Mun lesa um páskana.

Magnús: Plaggið hefur batnað heilmikið, en þó samt þó nokkuð sem vantar enn. Aðallega frá V-svæði í Ásahreppi. Samgöngukaflí. Gerir athugasemd við hann, sbr. 5. og 8. gr. vegalaga (las upp). Vill meina að allir vegir að Þjóðgarði og innan hans séu/eigi að vera Þjóðvegir. Umræða varð um umræddar greinar vegalaga, en Björg benti á að ekki væri sjálfgefið að allir vegir innan Þjóðgarðs teldust Þjóðvegir þar sem þeir væru ekki endilega á vegaskrá skv. vegalögum, semja þurfi við Vegagerðina um þessi mál.

Anna Kristín: Ánægð með framvindu. Það þarf að fara betur yfir markmið og skilmála til að tryggja sátt.

Þórður: Ánægður með framvindu en hefur nokkrar aths. sem hann vill koma að, smávægilegar, orðalag og slíkt.

Markmið

Björg fór yfir markmiðskaflann og útskýrði hvað hefði verið unnið í honum. Kaflinn hefur tekið miklum breytingum. M.a. hefur verið farið markvisst yfir framtíðarsýnina og skoðað hvort markmiðin geri ráð fyrir því sem þarf að framkvæma til að framtíðarsýn nái fram að ganga. Búið er að skerpa mikið orðalag og framsetningu markmiða, þannig að ljóst sé hvað VJÞ ætlar sér (að gera, framkvæma, gæta að ..)

Björg kallaði eftir athugasemdum. Nokkrar komu fram. Verður unnið úr þeim á næstu dögum. Athugasemdirnar eru m.a.:

- Hjalti og Ólöf Ýrr ræddu nálgun v/kynningar- og markaðsmála. Hjalti taldi eðlilegt að kynningar- og markaðsstarf væri eitt af markmiðum garðsins og útbúa þyrfti efni til slíkrar kynningar en Ólöf taldi að slíkt ætti að takmarkast við fremur almenna kynningar- og upplýsingagjöf. Markaðsstarf ætti ekki að vera hlutverk Þjóðgarðsins. Það væri t.d. ekki heppilegt að Þjóðgarðurinn tæki þátt í ferðakaupstefnum á eigin vegum. Hlutverk Þjóðgarðsins væri fyrst og fremst að auðvelða einkaaðilum markaðssetningu sinnar þjónustu. Fundarmenn töldu eðlilegt að Þjóðgarðurinn kynnti vel sitt starf og hvað þar væri í boði. Góðar almennar upplýsingar og kynningar m.a. á vef Þjóðgarðsins væru nauðsynlegar. Einnig var bent á að Þjóðgarðurinn þurfi að bjóða uppá almennt kynningarefni. Ólöf ætlar að móta tillögu að starfsmarkmiði um þessi mál, Þjóðgarðurinn sé bakhjarl í markaðsstarfi með öðrum. Hér gæti þurft að horfa annars vegar til markaðsstarfs og kynningar innanlands og hins vegar erlendis og skilja þar á milli.h
- Hjalti lagði til að eitt af markmiðum Þjóðgarðsins væri að hafa tiltekna þætti í þjónustu garðsins opna allt árið, eftir því sem aðstæður leyfa. Einnig væri mikilvægt að fram kæmi áhugi Þjóðgarðsins í þessari vinnu á að ráða landeigendur til landvörslu þegar og ef slíkt hentar. Hjalti lagði áherslu á að eitt af starfsmarkmiðum garðsins væri að gera samninga við landeigendur um landvörslu svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði um hæfni og færni til að gegna slíku starfi. Eftir umræður um málið var Hjalta falið að móta tillögu um texta í þessa veru þar sem m.a. yrði lagt áhersla á boðvald Þjóðgarðsvarðar.
- Elínu Heiðu fannst að betur mættu koma fram þau markmið sem Þjóðgarðinum eru áskilin í reglugerð um þátttöku í byggðapróun og eflingu atvinnulífs á nærsvæðum. Markmið ættu ekki



aðeins að snúast um nýsköpun heldur einnig að styrkja þau samfélög sem fyrir eru á þeirra eigin forsendum. Björg minnst á að flest markmið styðji þetta og séu til þess gerð, sbr. og almenna umfjöllun og framtíðarsýn. Elín Heiða skoðar og kemur með tillögu um breytingu eftir því sem við á.

- Ólöfu Ýrr fannst vanta inn markmið sem snúi að vernd líffræðilegra ferla. Ekki mætti einblína á verndun tiltekins ástands enda væri ástand vistkerfa eðlilegum breytingum undirorpið. Hins vegar þyrfti að vernda vistkerfin fyrir breytingum öðrum en þeim sem náttúran áskapar þeim. Björg benti á starfsmarkmið um „Að tryggja viðgang náttúrulegra þróunarferla lífríkisins“ – starfsmarkmið undir „Að vernda, viðhalda og þróa“ sem ætti að ná yfir þetta atriði. Starfsmarkmiðið var samið af Stellu og Björgu og bætt við í liðinni viku.
- Fleiri athugasemdir voru ekki gerðar við kaflann um markmið.

Landnotkun

Kafli tekinn fyrir. Árni fór yfir og kallaði eftir athugasemdum. Nálgunin byggir á því að aðskilja sem mest skipulagsáætlanir og stjórnunar- og verndaráætlun. Að nýta skipulagsáætlanir sem útfærslu á stefnu þjóðgarðsins. Nú er vinna í gangi með umhverfisráðuneytinu, Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun þar sem verið er að skýra þetta samspil. Gera má ráð fyrir niðurstöðum frá umhverfisráðuneytinu í kringum páska.

- Ia. Hjalti benti á að e.t.v. væri full langt gegnið í verndun jaðra skriðjökla þar sem eðlilegt væri að vélknúin ökutæki gætu ekið að jökulsporði og upp á hann á tilteknum stöðum. Árni benti á að sjálfsagt væri að nefna slíka staði sem undantekningu frá verndarákvæðum enda kæmu þá skilyrði fram í skilmálum.
- IIa. Askja – skoða þarf friðlýsingarákvæðin, spurning hvort þau voru felld úr gildi með stofnun VJP? Björg mun skoða Bööðvar nefndi að í niðurstöðum Norðursvæðis hefði komið fram vilji til að rýmka heimildir til aksturs að vetrarlagi í Öskju enda væri ógerlegt að framfylgja því banni sem fyrri friðlýsing fól í sér. Hann sagðist gera ráð fyrir því að hún félli niður við gildistöku verndaráætlunar. Björg ætlar að skoða það.
- IIIa. Björn Ármann vakti athygli á því að erfitt væri að afmarka burðarsvæði hreindýra.
- IVa. Rætt var um víðerni og skilgreiningu þeirra, t.d. það hvort göngubrú væri nægilega mikið mannvirki til að spilla víðerni. Vakin var athygli á því að ávallt þyrfti að vera hægt að komast að gangnamannakofum og fjarskiptalofnetum á ökutækjum en Árni nefndi að því mætti koma í kring með vísun í skilmála um akstur í sérstökum erindagjörðum og kallaði ekki á að opinn slóði lægi að slíkum mannvirkjum.
- Va. Rætt var um vegi og veghald og komu fram mismunandi tülkanir á ákvæðum vegalaga. Gæsavatnaleið var nefnd sem dæmi um veg sem óvíst væri hver bæri ábyrgð á.
- Rætt var um IUCN flokkun þjóðgarðsins, en nú er gert ráð fyrir að þjóðgarðurinn falli allur undir flokk II, byggt á niðurstöðum út tillögum að verndaráætlunum. Halldóra benti á að skv. upplýsingum úr leiðbeiningum frá IUCN og skoðun ráðgjafa á svæðunum, þá virðist sú starfsemi sem nú er stunduð innan þjóðgarðsins s.s. veiðar, landbúnaður ofl. geta fallið að þessum flokki. Þau hafi þó bent á að veiðum og beit þurfi að stýra. Mikilvægt sé að veiði og beit sé „sjálfbær“ og að því er stefnt. Stjórn tæki þurfi að vera til staðar t.a. tryggja vöktun á þessum atriðum. Eins og stjórnunar- og verndaráætlunin er sett upp núna, þá er gert ráð fyrir strangari verndun á tilteknum svæðum, s.s. í Esjufjöllum ofl. Í tillögu frá Suðursvæði hafi verið rætt um möguleika á að Esjufjöll falli formlega undir IUCN Ib sem Surtsey fellur undir. Ekkert er því til fyrirstöðu að setja sambærileg ákvæði og IUCN Ib felur í sér í Esjufjöllum með landnotkunarákvæðum, þannig að sömu verndun sé náð án þess að svæðið sé formlega í öðrum IUCN flokki. IUCN leggur áherslu á að svæði sem tekin eru undir tiltekin flokk, séu heildstæð. Niðurstaða fundarmanna var að halda sig við IUCN II flokkunina, en ástæða væri til að bera þá niðurstöðu formlega undir



fulltrúa IUCN. Síðar væri hægt að skoða flokk V síðar ef bæir hafi áhuga á að falla undir þjóðgarðinn sbr. Cairngorms eða VI fyrir landbúnað ofl. IUCN leggur áherslu á að ávallt sé reynt að fylgja eins „ströngum“ ákvæðum og hægt er.

Framhaldið – tímaáætlun – næstu skref.

Halldóra fór yfir og ræddi um að hún myndi í kjölfar þessa fundar, ræða við svæðisráðsformenn, formann stjórnar og framkvæmdastjóra um framvinduna næstu vikur, fram að auglýsingu stjórnunar- og verndaráætlunar. Uppfærð tímaáætlun yrði byggð á þeim grunni, og hún tilbúin strax eftir páska. Nýta þurfi tíma núna mjög vel til að ljúka stjórnunar- og verndaráætlun efnislega þannig að sem mest sátt ríki um hana. Mikilvægt sé að ná samstöðu fyrir auglýsingu hjá sveitarfélögum sem í hlut eiga, svo og samráðsaðilum eftir atvikum. Formenn svæðisráða kynni því hlutaðeigandi sveitarfélögum drög að stjórnunar- og verndaráætlun þannig að hægt verði að taka tillit til athugasemda og ábendinga þeirra áður en stjórnunar- og verndaráætlunin er auglýst formlega. Einnig hefði verið haft samband við þær stofnanir sem séu samráðs- og umsagnaraðilar og hefði verið fundað með sumum þeirra og nokkrir slíkir fundir fyrirhugaðir strax eftir páska, s.s. með Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Fornleifavernd og áfram unnið með Náttúrufræðistofnun. Tilgangurinn væri bæði sá að eiga við þær samráð, sem og að kynna þeim vinnuna og efniviðinn, fá yfirlstur og ábendingar á þessu stigi vinnunnar, sem hægt sé að nýta við gerð lokaplaggs til auglýsingar. Þannig mætti fá meira af góðum ábendingum og flýta fyrir ferlinu í heild sinni.

Hjalti lagði áherslu á að það þyrfti 2 vikur (fyrir utan páskana) til að koma kynningum og umfjöllun í svæðisráði og sv.stjórnnum frá. Nota þurfi aprílmánuð til að ná öllu heim og saman.

Anna Kristín: Stóra markmiðið er að verndaráætlun klárast og verði staðfest í JÚNÍ – alls ekki síðar, jafnvel þó ekki náist á afmælisdegi þjóðgarðsins. Það þýðir að stjórn þarf að staðfesta stjórnunar- og verndaráætlunina fyrir apríllök þ.e. 30. apríl.

Ákveðið að hafa „snertifund“ þann 27. apríl n.k., en stjórn fundi einu sinni til tvisvar í millitíðinni eftir atvikum.

Fundarritarar Björg, Árni og Halldóra

